

Evrópusamruninn og þátttaka Íslands í grófum dráttum

- 1950

Schuman-yfirlýsingin leggur grunn að stofnun Kola- og stálbandalags Evrópu
- 1951

Kola- og stálbandalagið stofnað af Belgíu, Frakklandi, Hollandi, Ítalíu, Lúxemborg og Þýskalandi
- 1957

Ríkin sex skrifa undir Rómar-sáttmálann og stofna Evrópska efnahagsbandalagið (síðar Evrópubandalagið og nú Evrópusambandið) og Kjarnorkubandalagið (Euratom)
- 1960

Austurríki, Bretland, Danmörk, Noregur, Portúgal, Sviss og Svíþjóð stofna EFTA (Fríverslunarsamtök Evrópu)
- 1965

Kola- og stálbandalagið, Kjarnorkubandalagið og Evrópska efnahagsbandalagið sameinuð í Evrópubandalaginu með Samrunasáttmálanum
- 1970

Ísland gerist aðili að EFTA
- 1973

Bretland, Danmörk og Írland gerast aðilar að Evrópubandalaginu
- 1979

Kosið til Evrópuþingsins í beinni kosningu í fyrsta sinn
- 1981

Grikkland gerist aðili að Evrópubandalaginu
- 1982

Grænland gengur úr Evrópubandalaginu
- 1986

Spánn og Portúgal gerast aðilar að Evrópubandalaginu
- 1987

Sáttmálinn um Einingarlög Evrópu tekur gildi – fyrstu veigamiklu breytingarnar á sáttmálum Evrópubandalagsins
- 1992

Skrifað undir Maastricht-sáttmálann – Evrópubandalagið breytist í Evrópusambandið (ESB)
- 1993

Innri markaður Evrópusambandsins verður að veruleika
- 1994

Ísland gerist aðili að Evrópska efnahagssvæðinu (EES)
- 1995

ESB ríkin verða 15 með aðild Austurríkis, Finnlands og Svíþjóðar
- 1997

Skrifað undir Amsterdam-sáttmálann
- 2001

Skrifað undir Nice-sáttmálann
- 2001

Ísland gerist aðili að Schengen-samstarfi ESB
- 2002

Evran verður almennur gjaldmiðill í 12 evru-ríkjum
- 2004

Tíu ríki gerast aðilar að Evrópusambandinu: Eistland, Kýpur, Lettland, Litháen, Malta, Pólland, Slóvakía, Slóvenía, Tékkland og Ungverjaland
- 2007

Búlgaría og Rúmenía gerast aðilar að Evrópusambandinu
- 2009

Lissabon-sáttmálinn tekur gildi
- 2010

Ísland hefur aðildarviðræður við Evrópusambandið